

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Ársreikningur

2023

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
kt. 591288-1219

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Ársreikningur

2023

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar og sundurliðanir	8-12

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitungum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Bolungarvík 15. febrúar 2024.

Endurskoðun Vestfjarða ehf.

Jón Þorgeir Einarsson
endurskoðandi

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Einar Valur Kristjánsson
Kt. 0901575669
Dags. 15.2.2024 09:34:44
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAD
Anton Rúnar Helgason
Kt. 1006602539
Dags. 16.2.2024 09:11:20
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Lilja Magnúsdóttir
Kt. 1408603529
Dags. 15.2.2024 09:35:33
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAD
Jónas Þór Birgisson
Kt. 2403725419
Dags. 19.2.2024 12:07:37
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Guðfinnur Ragnar Jóhannsson
Kt. 3105982329
Dags. 15.2.2024 16:16:46
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAD
Jón Hörður Elíasson
Kt. 2405503189
Dags. 19.2.2024 14:24:42
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Guðbjörg Svandís Þrastardóttir
Kt. 1401912999
Dags. 15.2.2024 20:39:51
Ástæða: Undirritun

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og laga um matvæli nr. 93/1995 og reglugerða settra samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga og ákvæðum í sérstökum lögum eða reglugerðum sem því er eða kann að vera falið að annast framkvæmd á. Vinna skal að bættu heilbrigðiseftirliti, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum.

Starfsemin á árinu

Hagnaður (tap) Heilbrigðiseftirlitsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam.....	0
Eignir Heilbrigðiseftirlitsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu.....	15.427.579
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	0
Fjöldi ársverka á árinu nam.....	2

Rekstur Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða var með sambærilegum hætti og fyrri ár og gert er ráð fyrir að reksturinn verði mjög sambærilegur á árinu 2024.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun

Bolungarvík, 15. febrúar 2024.

Í stjórn

Jónas Þór Birgisson formaður

Lilja Magúsdóttir

Einar Valur Kristjánsson

Jón Hörður Elíasson

Guðbjörg Þrastardóttir

Guðfinnur Ragnar Jóhannsson

Framkvæmdastjóri

Anton Rúnar Helgason

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	Áætlun 2023	2022
Framlag sveitarfélaga		47.905.905	49.591.576	42.059.666
Sértekjur		4.867.444	3.500.000	6.255.290
Laun og annar starfsmannakostnaður	4	(43.779.515)	(42.872.627)	(39.612.350)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(1.944.852)	(1.589.349)	(2.188.376)
Annar rekstrarkostnaður		(5.859.883)	(8.629.600)	(6.521.054)
Afskriftir fastafjármuna	6	(1.220.230)	0	0
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(31.131)	0	(6.824)
Fjármunatekjur	5	78.854	0	65.579
Fjármagnsgjöld	5	(47.723)	0	(58.755)
		31.131	0	6.824
Afkoma ársins		<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir		31.12.2023	Skýr.	31.12.2022
Fastafjármunir				
Bífreið	6	6.914.634		0
		<u>6.914.634</u>		<u>0</u>
Veltufjármunir				
Útistandandi kröfur		1.574.056		939.710
Aðrar skammtímakröfur		252.831		241.305
Handbært fé		6.686.058		10.819.480
		<u>8.512.945</u>		<u>12.000.495</u>
Eignir		<u>15.427.579</u>		<u>12.000.495</u>
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé				
Óráðstafað eigið fé		0		0
Eigið fé		<u>0</u>		<u>0</u>
Skammtímaskuldir				
Viðskiptaskuldir		377.395		1.593.134
Skuldir við sveitarfélög		9.335.712		7.650.023
Aðrar skammtímaskuldir		5.714.472		2.757.338
		<u>15.427.579</u>		<u>12.000.495</u>
Skuldir		<u>15.427.579</u>		<u>12.000.495</u>
Eigið fé og skuldir		<u>15.427.579</u>		<u>12.000.495</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2023

	Skýr.	2023
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrartap		(31.131)
Afskriftir		1.220.230
Veltufé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta		1.189.099
Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun)		(645.872)
Rekstrartengdar skuldir, hækkun		3.427.084
Handbært fé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta		3.970.311
Innborgaðir vextir og arður		78.854
Greiddir vextir		(47.723)
Handbært fé frá (til) rekstrar		4.001.442
Fjárfestingahreyfingar		
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	6	(8.134.864)
		<u>(8.134.864)</u>
Fjármögnunarahreyfingar		
		<u>0</u>
Lækkun handbærs fjár		(4.133.422)
Handbært fé í upphafi árs		10.819.480
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		0
Handbært fé í lok árs		<u>6.686.058</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og laga um matvæli nr. 93/1995 og reglugerða settra samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga og ákvæðum í sérstökum lögum eða reglugerðum sem því er eða kann að vera falið að annast framkvæmd á.

Vinna skal að bættu heilbrigðiseftirliti, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur fyrirvöld og aðila sem vinna að þessum málum.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2023	2022
Laun	35.891.248	32.045.285
Lífeyrissjóður	4.287.679	4.155.862
Önnur launatengd gjöld	3.405.088	3.296.050
Annar starfsmannakostnaður	195.500	115.153
	<u>43.779.515</u>	<u>39.612.350</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	2	2

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2023	2022
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	58.439	17.732
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum	20.415	47.847
	<u>78.854</u>	<u>65.579</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Dráttarvaxtagjöld	(30.372)	(44.333)
Önnur vaxtagjöld	(17.351)	(14.422)
	<u>(47.723)</u>	<u>(58.755)</u>
	<u>31.131</u>	<u>6.824</u>

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Bifreið	Samtals
Kostnaðarverð		
Staða 1.1.2022	0	0
Staða 1.1.2023	0	0
Eignfært á árinu	8.134.864	8.134.864
Staða 31.12.2023	8.134.864	8.134.864
Afskriftir		
Staða 1.1.2022	0	0
Staða 1.1.2023	0	0
Afskrift ársins	1.220.230	1.220.230
Staða 31.12.2023	1.220.230	1.220.230
Bókfært verð		
Staða 1.1.2022	0	0
Staða 1.1.2023	0	0
Staða 31.12.2023	6.914.634	6.914.634

Ofangreind bifreið er af tegundinni Tesla Y árgerð 2023. Heilbrigðiseftirlitið á aðra bifreið, Skoda Octavia árgerð 2015 sem er ekki eignfærð í efnahagsreikningi.

7. Lífeyrisskuldbinding

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins námu áætlaðar skuldbindingar eftirlitsins 14,9 milljónum króna í árslok 2023 miðað við 2% ársvexti umfram breytingar launa. Lífeyrisskuldbindingin er ekki færð í ársreikning Heilbrigðiseftirlitsins en greiðslu á skuldbindingunni á hverjum tíma verðum mætt með framlögum aðildar-sveitarfélaganna.

8. Leigusamningar

Heilbrigðiseftirlitið hefur gert leigusamning um leigu á fasteign sem ekki eru færður í efnahagsreikning. Samningsbundinn leigutími er til 1. febrúar 2032 og uppsegjanlegur á 12 mánuðum eftir það. Gjaldfærðar leigugreiðslur námu 1 milljón króna á árinu (2022: 0,9 milljónir). Taflan hér að neðan sýnir greiningu á lágmarksleigugreiðslum samkvæmt samningum þar sem félagið eru leigutaki. Upphæðir eru ekki núvirtar.

	31.12.2023	31.12.2022
Innan árs	1.059.240	977.928
Eftir ár en innan 5 ára	4.236.960	3.911.712
5 ár og síðar	4.325.230	4.971.134
	9.621.430	9.860.774

9. Reikningsskilaaðferðir

Skráning tekna

Tekjur af framlögum og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímamarki þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé Heilbrigðiseftirlitsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútsstremis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

Sundurliðanir

Laun og annar starfsmannakostnaður

	2023	Aætlun 2023	2022
Vinnulaun	31.158.408	31.283.290	29.907.158
Nefndarlaun	868.448	1.916.445	1.219.227
Bifreiðastyrkir	25.728	762.000	92.400
Dagpeningar	859.650	1.228.000	826.500
Tryggingagjald	2.307.605	2.264.119	2.242.289
Lífeyrissjóður	4.287.679	4.206.878	4.155.862
Sjúkra- og orlofsheimilassjóður	1.097.483	1.076.801	1.053.761
Aðrir sjóðir	0		0
Áunnið orlof, breyting	2.979.014		0
Slysatryggingar starfsfólks	27.790	0	24.463
Námskeið og endurmenntun starfsmanna	100.000	100.000	75.000
Kaffikostnaður	67.710	35.094	15.690
	<u>43.779.515</u>	<u>42.872.627</u>	<u>39.612.350</u>

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

	2023	Aætlun 2023	2022
Tölvupjónusta	466.072	139.135	492.582
Síma og netkostnaður	534.404	475.849	790.153
Burðargjöld	106.987	122.112	123.188
Pappír, prentun og ritföng	116.133	23.699	161.239
Bækur, blöð og áskrift	52.000	25.867	0
Endurskoðun og reikningskil	647.094	763.888	570.214
Fundir og ráðstefnur	22.162	38.799	49.000
Annar kostnaður	0	0	2.000
	<u>1.944.852</u>	<u>1.589.349</u>	<u>2.188.376</u>

Annar rekstrarkostnaður

	2023	Aætlun 2023	2022
Húsaleiga	1.016.310	898.962	931.725
Rekstur bifreiða	882.492	169.504	810.612
Afborganir og vextir af bílaláni	0	2.400.000	358.972
Áhöld og tæki	467.137	630.209	511.614
Auglýsingar	21.638	0	20.026
Ferðakostnaður	7.380	360.000	27.240
Rannsóknir	3.439.211	4.170.925	3.840.280
Þjónustu- og seðilgjöld	25.715	0	20.585
	<u>5.859.883</u>	<u>8.629.600</u>	<u>6.521.054</u>

Sundurliðanir

Viðskiptakröfur

	<u>31.12.2023</u>	<u>31.12.2022</u>
Innlendar viðskiptakröfur	1.574.056	939.721
	<u>1.574.056</u>	<u>939.721</u>

Aðrar skammtímakröfur

	<u>31.12.2023</u>	<u>31.12.2022</u>
Virðisaukaskattur	252.831	241.305
	<u>252.831</u>	<u>241.305</u>

Handbært fé

	<u>31.12.2023</u>	<u>31.12.2022</u>
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	6.686.058	10.819.480
	<u>6.686.058</u>	<u>10.819.480</u>

Viðskiptaskuldir

	<u>31.12.2023</u>	<u>31.12.2022</u>
Innlendar viðskiptaskuldir	377.395	1.593.134
	<u>377.395</u>	<u>1.593.134</u>

Aðrar skammtímaskuldir

	<u>31.12.2023</u>	<u>31.12.2022</u>
Ógreidd laun og launatengd gjöld	5.714.472	2.757.338
	<u>5.714.472</u>	<u>2.757.338</u>